

Fundargerð faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi

12. fundur faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi, haldinn þriðjudaginn 12. nóvember 2019 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 9:00.

Mætt: Eiríkur Steinn Búason, Gunnar E. Sigurbjörnsson, Krístrún Hafliðadóttir, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, Júlíana Tyrfingsdóttir, Torfi G. Sigurðsson frá Mannvit, Sigurlaug Sigurjónsdóttir frá ASK arkitektum, Hermann Ólafsson frá Landhönnun, Atli Marel Vokes, Sigurður Ólafsson, Óðinn K. Andersen, og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð. Tómas Ellert Tómasson boðaði forföll.

- 1) Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
- 2) Skipulagsmálin. Samþykki liggur fyrir í skipulags- og byggingarnefndar og verður tekið fyrir í bæjarstjórn í næstu viku. Auglýst verður fljótlega eftir byggingarstjóra.
- 3) Jarðvinnuútbóðið; 12 boð komu sem voru frá 25 til 40 milljónir. Óskað hefur verið eftir gögnum frá lægstbjóðanda sem á að skila fyrir fimmtudaginn. Stefnt að því að koma þessu í bæjarráð sama dag.
- 4) Litið á verkaáætlun sem Torfi hefur hent upp. Gert er ráð fyrir að yngri deildir og miðkjarni verði tilbúið til notkunar 1. mars 2021 og svo allur skólinn 1. ágúst sama ár. Lóðavinna verði apríl, maí og júní. Verktaki gæti mögulega komið með aðrar lausnir.
- 5) Teikningar frá ASK arkitektum. Litið m.a. á fatahólfin, dýnuskápa, skólhillur og fatasnaga í starfsmannarými, þvottaherbergi, ræstingu og brunaslöngu. Tekin ákvörðun um staðsetningu á útistút. Einnig litið á skápa á gangi fyrir framan geymsluna, starfsmannaklósett, listastofu og rennihurð inn að búri og kælum. Spáð í hita og loftræstingu inni í búrinu. Komin sérteikning af fatahólfum. Bleyjuhólf á klósettum verða bara á yngri deildum og hillur eldri barna megin. Hillur í geymslum, vinnuherbergi kennara en þar hefur tenglafundur ekki verið haldinn. Nú eru komnir læsanlegir skápar á skrifstofur. Hljóðplötur eru hér og þar og einnig inni í hvíldarherbergjum. Rennt yfir verkeikningar, m.a. eru gluggar á rennihurðum. Farið yfir gólfefnaplanið, m.a. er gert er ráð fyrir epoxíð á gangi, flísum á barnabaðherbergjum, vínildúk á eldhúsi og íþróttadúk á salnum.
- 6) Lóðin. Frá síðasta fundi hefur aðallega verið unnið í skýlum fyrir vagna og hjól. Hafa rimla í skýlum og á skjólveggjum. Grill- og samveruskýli á lóð er nýjung miðað við Hveragerði, útileikhúsið hefur verið endubætt. Hlið á grindverki verður á hjólum milli útisvæða yngri og eldri deilda. Hermann mun heyra í þeim í Hveragerði um reynslu af lóðinni. Umræða um skjólvegg við inngang í eldhúsið.
- 7) Halda þarf sérstakan fund um tengla og e.t.v. fleira í rafmagninu.
- 8) Útboðs- og samningsskilmálar. Sigurlaug sendir drög að þeim fjótlega. Einnig þarf að huga að kostnaðarflæðinu, sbr. íþróttahúsið.
- 9) Afhending gagna yfirfarin frá verkkaupa 15.-20. nóvember og tilbúin fyrir bjóðendur 25. nóvember. Tilboð opnum fimmtudaginn 19. desember kl. 11.
- 10) Næsti fundur verður haldinn þegar tilboð eru komin inn.